



Nokkrar kvennanna sem verk eiga á sýningu Textilfélagsins. F.v. Salóme Hallgrímsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Hulda Jósefsdóttir, Adalheiður Skarphéðinsdóttir, Anna Halla Björgvinsdóttir og Hanna G. Ragnarsdóttir.

Ljós. Pétur Ben.

Listasafn Albýðu:


Samsýning Textilfélagsins

TEXTILFÉLAGIÐ opnar félags-sýningu í Listasafni Albýðu við Grensásveg í dag kl. 15. Þetta er önnur samsýning félagsins en sú fyrsta var haldin í Norræna húsinu árið 1978. Félagar eru nú 29 og munu allflestir þeirra taka þátt í sýningunni.

Þrátt fyrir góðan vilja félagsmanna hefur ekki tekist að finna orð sem komið getur í stað orðsins textíl, en það er notað sem samheiti yfir vefnað, tauþrykk, myndvefnað, þráðaskúlpúr, fatahönnun og þrjón.

Textilfélagið hefur verið virkur milliliður fyrir Samnorræna textílríennalinn og úr röðum félagsins munu fjórar textillistakonur taka þátt í veigamikilli sýningu sem ber heitið „Scandinavia Today“ og verður sú sýning sett upp víðsvegar um Bandaríkin á næsta ári. Félagar í

Textilfélaginu hafa einnig nýverið tekið þátt í íslenskri sýningu á listhandverki á Hæsselby Slott í Stokkhólmi og hlotið góða dóma, en sú sýning verður sett upp á Kjarvalsstöðum næsta sumar. Þá



Eitt verkanna á sýningu Textilfélagsins.

munu félagar taka þátt í fatahönnuðasýningu sem ber yfirskriftina „Klær efter behov“ og opnar í Helsinki í ágúst á þessu ári.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá, þar sem jafnframt er að finna heimildir um félaga, menntun þeirra og störf. Svo sem venja er hjá Listasafni Albýðu verður samtímis sýningunni haldin litskygnumyndasýning þar sem gestum gefst tækifæri til að sjá fleiri verk textillistakvennanna. Safnið hefur einnig staðið að gerð litskygnumöppu um textíl á Íslandi. Ber hún heitið „Íslensk vefjarlist 1950–1980“.

Sýning Textilfélagsins mun standa til 26. apríl og er safnið opið frá kl. 14–22 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og páskadegi.

Vegna þrengsla verður það sem gerist á sunnudag og mánudag í sunnudagsblaðinu.

MORGUNBLAÐIÐ, LAUGARDAGUR 11. APRÍL 1981 31

LEIKDEILD UMF SKALLAGRÍMS:

Frumskýningar tvo einþáttunga


Í kvöld frumsýnir Leikdeild Umf. Skallagríms í Borgarnesi einþáttungana „Skekkimferð“ á vígvöllinn“ eftir Arrabal og „Á rúmsjó“ eftir Mrozek. Sýnt er í Íþróttahúsinu í Borgarnesi og hefst sýningin kl. 22.00.

Leikstjóri er Inga Bjarnason og tónlist við verkin samdi Leifur Þórarinnsson.

„Á rúmsjó“ er sýnt í sundlaug-

inni, en „Skekkimferðin“ er sýnd í íþróttasal hússins. Átta leikarar fara með 12 hlutverk í einþáttungunum, en alls standa um 20 manns að sýningunum. Er þetta í fyrsta sinn sem leikrit er flutt í íþróttahúsinu, en þar hafa hingað til verið leiknir annars konar leikir.

Næsta sýning á verkunum verður annað kvöld og hefst hún einnig kl. 22.00.



Úr uppfærslu Leikdeildar Umf. Skallagríms í Borgarnesi á einþáttungnum „Á rúmsjó“. F.v.: Jenný Lind Egilsdóttir, Sigurður Jónsson, Þorgeir Kristófersson og Sveinn M. Eðsson.



Lúðrasveitin Svanur ásamt stjórnandanum, Snæbirni Jónssyni.

LÚDRASVEITIN SVANUR:

Tónleikar í Háskólabíói

Í dag kl. 14 hefjast árlegir tónleikar Lúðrasveitarinnar Svans í Háskólabíói.

Efnisskrá verður að vanda mjög fjölbreytt, m.a. verða leikin lög eftir Arna Björnsson, Sigvalda

Kaldalóns, Offenbach og Tschai-kowsky.

Þá leikur „Big-band“ Svansins danslög eftir Arna Björnsson í útsetningu Eyþórs Þorlákssonar. Stjórnandi Lúðrasveitarinnar Svans er Sæbjörn Jónsson. Hljóðfærleikarar eru 48 talsins.

SAFNAHÚSIÐ Á SELFOSSI:

Samsýning Myndlistarfélagar Arnessýslu

Í dag kl. 14 verður opnuð samsýning félaga í Myndlistarfélagi Arnessýslu, en hún verður til húsa í Safnahúsinu á Selfossi.

Á sýningunni eiga 20 félagar 70 myndir, olíumálverk, pastelmýnd-

ir, glermyndir og skúlptúra. Myndirnar eru margar hverjar til sölu, en aðgangur að sýningunni er ókeypis. Opið er frá kl. 14–22 alla sýningardagana, en sýningunni lýkur 23. þ.m.



Frá samsýningu Myndlistarfélagar Arnessýslu í safnahúsinu á Selfossi.

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR:

Rommi, Grettir og Ofvitinn

Að undanförunu hefur Leikfélag Reykjavíkur boðið leikhúsgestum upp á fjölbreytilega verkefnaskrá: Reviuna Skorna skammta eftir Jón Hjartarson og Þórarinn Eldjárn, Rommi eftir D.L. Coburn, Ofvitinn eftir Þórberg Þórðarson og Kjartan Ragnarsson, Ótemjuna eftir William Shakespeare og loks Gretti inni í Austurbæjarbíói.

Leikfélag Reykjavíkur hefur að undanförunu boðið leikhúsgestum upp á fjölbreytilega verkefnaskrá: Reviuna Skorna skammta eftir Jón Hjartarson og Þórarinn Eldjárn, Rommi eftir D.L. Coburn, Ofvitinn eftir Þórberg og Kjartan, Ótemjuna eftir William Shakespeare og loks Gretti inni í Austurbæjarbíói.

Í kvöld er 60. sýning á bandaríska leiknum Rommi, sem sýndur hefur verið fyrir fullu húsi í allan vetur.




Sýningunni hefur verið einstaklega vel tekið, bæði af gagnrýnendum og áhorfendum. Hlutverkin eru í höndum þeirra Sigríðar Hagalín og Gísla Halldórssonar, sem leika bæði á gamansamar og alvarlegar nótur, en leikstjóri sýningarinnar er Jón Sigurbjörnsson. Þegar er uppselt á sýninguna, en næsta sýning er á miðvikudag fyrir páska.

Í kvöld kl. 23.30 verður síðasta miðnætursýning á gamansöngleiknum Gretti í Austurbæjarbíói, en vegna mikillar aðsóknar undanfarið hefur verið nauðsynlegt að hafa fleiri en eina aukasýningu og hafa færri komist að en vildu.

Grettir hefur verið sýndur frá því í nóvember við afþagðs undirtektir. Höfundar verksins eru þeir Egill Ólafsson, Ólafur Haukur Símónarson og Þórarinn Eldjárn. Alls koma 16 leikarar, söngvarar og dansarar fram í sýningunni, en Þursaflokkurinn sér um tónlistarflutninginn. Meðfylgjandi mynd sýnir Kjartan Ragnarsson í titilhlutverkinu.

Annað kvöld er Ofvitinn sýndur í 152. sinn. Erlendis sem innlendir kunnáttumenn hafa lokið miklu lofsorði á sýningu Leikfélagsins og telja hana einn merkasta viðburð í íslenskri leiklist hin síðari ár, ekki hvað síst leikgerð og leikstjórn Kjartans Ragnarssonar og leik þeirra Jóns Hjartarsonar og Emils Gunnars Guðmundssonar í hlutverkum Þórbergs eldri og yngri. Þegar er uppselt á sýninguna, en næsta sýning er á annan í páskum.



Þessi mynd var tekin á sýningu Rúnu í Gallerí Suðurgötu 7 árið 1979.

Rúna sýnir í Rauða húsinu

Í dag kl. 16 opnar Rúna Þorkelsdóttir sýningu í Rauða húsinu á Akureyri. Á sýningunni eru fjögur verk sem unnin eru út frá sama tema, vatninu. Öll verkin eru unnin í mismunandi efni, þráð, þrykk og texta, svo að eithvað sé nefnt.

Þetta er önnur einkasýning Rúnu hér heima en hún sýndi 1979 í Gallerí Suðurgötu 7, einnig hefur hún tekið þátt í samsýningum erlendis.

Sýningin stendur til sunnudagsins 26. apríl og er opin daglega frá kl. 4 til 10 eftir hádegi.

Hafnfirsku menningarvökunni lýkur í dag

Í dag lýkur dagskrá Hafnfirsku menningarvökunnar með tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju og hefjast þeir kl. 17.00. Hins vegar verða málverkasýningarnar í húsi Bjarna riddara, þar sem Gunnlaugur Stefán Gíslason sýnir, og að Reykjavíkurvegi 66, þar sem Eiríkur Árni Sigtryggsson sýnir, opnar fram á sunnudagskvöld.

Á tónleikunum í kirkjunni

mun Guðni Þ. Guðmundsson leika á orgel og Gunnar Gunnarsson á flautu, en hann kom fram á tónleikum á menningarvökunni sl. þriðjudagskvöld og vakti mikla hrifningu áheyrenda. Þá mun kór Öldutúnsskóla undir stjórn Egils Friðleifssonar syngja og meðal annars efnis er frumflutningur á sönglögum Jóns Ásgeirssonar við ljóð ungrar stúlku, Guðnýjar Þórðardóttur.



Jón Ásgeirsson tónskáld